

**74 Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu um sveit-
18. apríl festi þurfalings.**

Frá sýslumanninum í Norður-Múlasýslu hefir hingað borist áfrýjun á úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 10. ág. f. á., sem ákveður, að Jón nokkur Gíslason frá Árbakka (áður Grundarhóli) í Húsavíkursvæðingarsýslu skuli teljast hafa unnið sjer sveit í Vopnafjarðarhreppi með óslitinum 10 ára sveitfestisdvöl þar í hreppi, og að fæðingarhreppur Jóns, Vatnsleysustrandarhreppur í Gullbringusýslu, sje þar með laus við að endurgjalda styrk, sem Ingibjörgu Guðmundsdóttur konu hans var veittur á Seyðisfirði árin 1909 og 1911.

Það er enginn ágreiningur um það, að Jón þessi hafi komið til Vopnafjarðar vorið 1897 og farið þaðan til Húsavíkur haustið 1907, heldur aðeins um það, hvort þessi dvöl hans í Vopnafjarðarhreppi hafi verið þannig óslitin, að hann hafi unnið sjer þar sveit. Af hálfu Vopnafjarðarhrepps hefir því sem sje verið haldið fram, að Jón hafi farið alveg burt úr Vopnafirði veturinn 1900—1901, er hann var til sjóróðra suður í Njarðvíkum. Þjer hafið nú í úrskurði yðar talið það sannað bæði af kirkjubókum Kálfatjarnarprestakalls og vottorði húsbónda þess, er Jón reri hjá í Njarðvíkunum, að hann hafi ekki verið heimilisfastur þar þenna vetur, og má vel vera að það sje rjett, en það er auðvitað engin sönnun fyrir því, að hann þá hafi ekki rofið heimilisfang sitt á Vopnafirði, en í því efni verður sönnunarskyldan að hvíla á fæðingarhreppnum. Jón hefir nú enn á ný verið yfirheyrður af sýslumanninum á Húsavík 20. nóv. f. á., og hefir hann borið það, að þegar hann fór suður frá Vopnafirði umræddan vetur, hafi hann enga búslóð skilið eftir á Vopnafirði, og ekkert heimili átt eða talið sjer þar nokkursstaðar, enda hafi hann lítið átt annað en fót þau, er hann stóð í, því konan hafi hlaupið frá honum veturinn áður, og þá tekið með sjer alt hið helsta af hinni litlu búslóð þeirra. Að hann þannig hafi ekki átt heimilisfang á Vopnafirði veturinn 1900—1901 styrkist og við það, að samkvæmt útskrift úr lögreglurjettarbók Norður-Múlasýslu, sem hingað hefir borist, var hann haustið 1900 sektaður fyrir ólöglega lausamensku og átti þá ekkert lögheimili, en skömmu á eftir fór hann suður. Þetta styrkist ennfremur við kirkjubækur Hofsprestakalls í Vopnafirði. Það verður þá ekki einungis að telja ósannað, að Jón hafi haldið heimili á Vopnafirði umræddan vetur, heldur þvert á móti sannað, að sveitfestisdvöl hans þar hafi rofnað þá. Það er viðurkennt, að hann hafi ekki unnið sjer sveit annarstaðar.

Því úrskurðast:

Framangreindur Jón Gíslason skal teljast sveitlægur í Vatnsleysustrandarhreppi, fæðingarhreppi sínum.

Þetta gefst yður, herra sýslumaður, hjer með til vitundar til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps.